

## LÖG

um

29

20. júní

atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Þeim einum er heimilt að stunda vjelgæslu á íslenskum mótorskipum, er fullnægja ákvæðum þessara laga.

## 2. gr.

Sá hefir rjett til að stunda vjelgæslu á mótorskipum með minni vjel en 12 hestafla, er sýnt getur skrásetningarstjóra vottorð frá tveim vjelgæslumönnum, er skírteini hafa frá mótorskólanum í Reykjavík, sem stofnaður var með lögum nr. 13, 18. nóv. 1920, eða námsskeiði Fiskifjelags Íslands, um að hann sje fær um að gegna starfinu.

## 3. gr.

Sá hefir rjett til að stunda vjelgæslu á mótorskipum með 12 til 50 hestafla vjel, er sannað getur, að hann hafi staðist próf við mótorskólann í Reykjavík eða námsskeið Fiskifjelags Íslands.

## 4. gr.

Sá hefir rjett til að stunda vjelgæslu á mótorskipum með 50—150 hestafla vjel, er staðist hefir fullnaðarpróf við mótorskólann í Reykjavík, og auk þess verið að minsta kosti 6 mánuði vjelgæslumaður samkvæmt 3. grein. Sbr. þó 7. gr. þessara laga.

## 5. gr.

Sá hefir rjett til að vera 1. vjelstjóri á mótorskipi með 150 hestafla vjel og þar yfir, sem hefir fullnaðarpróf frá vjelstjóraskóla Íslands eða skírteini sem 1. vjelstjóri samkvæmt 7. gr. laga frá 3. nóv. 1915, um atvinnu við vjelgæslu á gufuskipum, og auk þess verið að minsta kosti þrjá mánuði aðstoðarvjelstjóri á mótorskipi með 50 hestafla vjel eða stærri.

29

20. júní

**6. gr.**

Á mótorskipum með 12 til 50 hestafla vjel skal vera einn vjelgæslu-  
maður, sem fullnægir skilyrðum 3. gr., og einn aðstoðarmaður, sem fullnægir  
2. gr. Þó skulu dráttarbátar og aðrir þeir bátar, sem notaðir eru við hafnir  
eða til stuttra ferða, eigi skyldir að hafa þennan aðstoðarmann.

Á mótorskipum með 50 til 150 hestafla vjel skal vera einn vjelgæslu-  
maður, sem fullnægir kröfum 4. gr., og einn, sem fullnægir kröfum 3. gr.

Á mótorskipum með vjel yfir 150 hestöfl skal vera vjelalið samkvæmt  
ákvæðunum í 1. málsgr. 12. gr. nefndra laga 3. nóv. 1915.

**7. gr.**

Eftir að mótorskólinn í Reykjavík hefir starfað í 5 ár getur enginn  
orðið yfirvjelstjóri á mótorskipum með stærri vjel en 50 hestafla, nema hann  
sanni, að hann hafi staðist fullnaðarpróf við mótorskólann í Reykjavík. Þó  
heldur vjelstjóri er staðist hefir námsskeiðspróf Fiskifjelags Íslands eða  
fullnægir ákvæðum 5. gr., rjettindum sínum, ef ekkert það er fram komið,  
er sanni, að hann sje óhæfur til að gegna starfinu.

Þeir yfirvjelstjórar og vjelstjórar á mótorskipum, sem gegnt hafa því  
starfi lengur en 1 ár áður en lög þessi öðlast gildi, eiga rjett til að halda stöðu  
sínni á samskonar skipi og þeir hafa áður á verið.

**8. gr.**

Mótorvjelgæslu-skírteini skal gefið út af lögreglustjóra, og skal það  
samið eftir reglum, er stjórnarráð Íslands setur. Fyrir hvert skírteini greiðist  
10 krónur, er renna í ríkissjóð.

**9. gr.**

Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði lögreglustjóra um útgáfu skírteinis,  
og skal hann þá leggja málið undir úrskurð stjórnarráðsins, en við það skerðist  
þó eigi rjettur hans til að leita dómsúrskurðar um málið.

**10. gr.**

Brot gegn lögum þessum varða sektum, alt að 500 krónum. Sje brotið  
ítrekað, getur sektin hækkað upp í 1000 krónur. Brot þessi sæta opinberri rann-  
sókn, og skal farið með þau sem almenn lögglumál.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amaljuborg, 20. júní 1923.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Kl. Jónsson.*